

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

*Breyting á deiliskipulagi Verkmenntaskólans á Akureyri.*

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 5. júlí 2023 breytingu á deiliskipulagi fyrir Verkmenntaskólann á Akureyri.

Breytingin felur í sér að biðstöð fyrir almenningsvagna við Mímisbraut er aflögð og núverandi biðstöð við hús nr. 10 við Mýrarveg er færð til suðurs til móts við hús nr. 6 og Mýrarvegur þrengdur í eina akrein á þeim stað. Þá verður útbúin gönguleið frá biðstöðinni að aðkomu að Verkmenntaskólanum.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*Breyting á deiliskipulagi fyrir Austursíðu, athafnasvæði.*

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 10. janúar 2023 breytingu á deiliskipulagi fyrir Austursíðu, athafnasvæði.

Breytingin tekur til lóðar Frostagötu 6b og felur í sér að byggingarreitur verði stækkaður til norðurs um 9,5 x 12 m, samtals 114 m<sup>2</sup>. Nýtingarhlutfall lóðarinnar helst óbreytt skv. fyrra skipulagi. Svæði fyrir gáma er fært að norðurgafli á húsi.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarbæjar, 29. september 2023,*

**María Markúsdóttir** verkefnastjóri skipulagsmála.

---

B-deild – Útgáfudagur: 13. október 2023